

## Endurskipulagning stofnana umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins - Samráð við hagsmunaaðila í Samráðsgátt

### Málsefni

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið hefur á undanförunum mánuðum unnið að endurskipulagningu þeirra stofnana sem starfa á vegum ráðuneytisins.

### Lýsing

Kynnt hefur verið ákvörðun um að stofnunum fækki úr átta í þrjár og nú liggja fyrir lagafrumvörp vegna Náttúruverndar- og minjastofnunar (Vatnajökulsþjóðgarður, Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, náttúruverndarsvið Umhverfisstofnunar og Minjastofnun Íslands) og Loftslagsstofnunar (Orkustofnun og Umhverfisstofnun (umhverfis- og loftslagsmál)). Þá er gert ráð fyrir sameiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands, Náttúruvísindastöðvarinnar við Mývatn (Ramý) og Landmælinga Íslands.

Ekki er gert ráð fyrir að Veðurstofa Íslands og Íslenskar orkurannsóknir verði sameinaðar öðrum stofnunum í þessum áfanga, en áfram verður unnið að því að efla samstarf stofnana og skoða samþættingu eða flutning einstakra verkefna.

Gert er ráð fyrir skýrum kjarna í starfsemi hvernar stofnunar og lögð áhersla á sveigjanleika í tilfærslum verkefna milli stofnana til að auka árangur, skilvirkni og hagræðingu.

Meginmarkmið endurskipulagningarinnar er að til verði stærri, kröftugri og faglega öflugri stofnanir sem geti tekist á við áskoranir til framtíðar og unnið að markmiðum Íslands í umhverfismálum.

Helstu markmið endurskipulagningarinnar:

- Efla þekkingar- og fræðasamfélag og nýsköpun í opinberum rekstri.
- Fjölga störfum á landsbyggðinni og störfum óháð staðsetningu
- Nýta betur þekkingu og innviði og auka sveigjanleika til að takast á við stór verkefni.
- Einfalda áætlanagerð og auka rekstrarhagkvæmni.
- Tryggja aðkomu nærsamfélaga að þjóðgörðum og friðlýstum svæðum.

Samráðsaðilar og aðrir áhugasamir eru hvattir til að koma á framfæri sjónarmiðum sínum gagnvart þessum áformum um endurskipulagningu stofnanakerfis ráðuneytisins og þá sér í lagi gagnvart eftirfarandi spurningum:

1. Hvaða tækifæri eru fyrirsjáanleg með breyttu stofnanaskipulagi sem gætu orðið til þess að efla þjónustu?
2. Hvernig gæti breytt stofnanaskipulag haft áhrif? eru það áhrif sem eru jákvæð eða neikvæð?
3. Hvaða helstu áhættuþátta ætti að horfa til?
4. Hver eru helstu sjónarmið um hvernig endurskipulagning gæti breytt gæðum í veittri þjónustu?
5. Hvaða styrkleikar er í núverandi þjónustu og mikilvægt er að varðveita?
6. eru frekari tækifæri til að efla rannsóknir og þróun/nýsköpun?

7. Með hvaða hætti má efla og fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni?

Unnið verður með sjónarmið hagsmunaaðila gagnvart endurskipulagningu stofnana í undirbúningsvinnu sem er fram undan hjá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti í samstarfi við stofnanir ráðuneytisins. Þá nýtast sjónarmið og ábendingar einnig í stefnumótunarvinnu innan einstakra málaflokka þegar fram í sækir.